

## THE SOCIAL CONTRACT 1996

© Chelsom Consultants Ltd. Saskatoon Kanada

## SÁTTMÁLAR UM SAMSKIPTI 2004

Íslensk útgáfa 2004

Önnur prentun 2006

© Útgáfufélagið Sunnuhvoll ehf.

## Öll réttindi áskilin

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti að hluta eða heild, án skriflegs leyfis útgefanda.



Eyvindarholti - 225 Álftanes  
860 7470 [magni.hjalmarsson@simnet.is](mailto:magni.hjalmarsson@simnet.is)  
[www.sunnuhvoll.com](http://www.sunnuhvoll.com)

12:45-1:30

Kennararáð stjórnar fundi á sal skólans. Talsmenn frá hverjum hópi gera samkomunni grein fyrir niðurstöðu sinni. Kennararáð bræðir saman tillögur hópa og býr til einn sáttmála um lífsgildi.

1:30-4:00

Kennarar vinna undirbúningsvinnu hver í sinni stofu.

31. janúar

Til: Skipulagshópsins  
Frá: Judy Anderson  
Efni: Febrúarverkefni

Verkefni okkar í febrúar er að ná sátt um væntingar, væntingar starfsfólks og kennara til stjórnenda og væntingar stjórnenda til starfsfólks og kennara. Ég legg til að skipulagshópurinn hittist 4. febrúar kl. 7:45 á sal og ákveði hvernig starfsmenn og kennarar klári þetta verkefni.

veldur áhyggjum. Í síðustu þingkosningum í Kanada notuðu aðeins 68% kosningaréttinn og í Bandaríkjunum var kosningaþátttakan aðeins 38%.

En hverju er um að kenna? Í fylkinu Quebec í Kanada gerðist það fyrir skömmu að kosningaþátttakan komst í 95% þegar kosið var um aðskilnað. Skoðanamunur var innan við 1% !

Í Norður-Ameríku er lýðræðinu tekið sem sjálfsgöðum hlut. Þegar ég heimsótti Úkraínu og var að kenna þar um uppbyggingarstefnuna árið sem Sovétríkin liðu undir lok, ræddi ég við þátttakendur um mannlegar þarfir fyrir ást og umhyggju, áhrifavald, frelsi og sjálfstæði, gleði og ánægju. Mér var umsvifalaust sagt að einstaklingar hefðu ekki þarfir, aðeins ríkið hefði þær. Í Slóveníu og Króatíu sagði fólk að okkur frá ótta sínum undir fyrri stjórnnum. Nú er reynt til hins ýtrasta að innleiða lýðræðishefðir í ýmsum löndum sem búið hafa við ógnarstjórn um langa hríð.

Þó það sé erfitt er ekki ómögulegt að breyta hugarfari kúgunar og harðstjórnar í átt að lýðræðislegri hugsun.

varnarstöðu sem óhjákvæmilega fylgir ágreiningi." Ráðgjafi mun vinna með okkur eftir hádegi og kenna aðferð við lausn ágreiningsefna. Hún mun tengja Fimm stöður stjórnunar við fimm tegundir af lausnum á ágreiningi ásamt hugmynd Stephen Covey's með að setja hugrekki á x-ás og nærgætni á y-ás.

-----

15. janúar

Til: Kennararáðs  
Frá: Skipulagsnefnd  
Efni: Verkefni 20. janúar

Á kennararáðsfundi var ákveðið að ræða Lífsgildin og Sáttmála um þau þann 20. janúar n.k. Skipulagsnefndin stingur upp á eftirfarandi dagskrá:

Þátttöku í því. Þetta gera þeir með því að axla þá ábyrgð að sýna viðmót og framkomu sem er öðrum til eftirbreytni. Þetta sýna þeir jafnt í samskiptum sín í milli og í samskiptum við börnin. Það er á þeirra ábyrgð að sýna nemendum hvernig lýðræðisleg gildi og færni í samskiptum leiða til þess að við setjum viðmiðunarreglur um það hvernig við lifum saman. Það er á þeirra ábyrgð að kenna nemendum að þekkja samfélagslegar skyldur sem stuðla að almannaheill. Og það er á þeirra ábyrgð að kenna hve mikilvægt það er að samborgarar kæri sig um hvern annan.”  
(*Building Community*, 1994, bls.123-124)

Við tölum um lýðræði en við þurfum líka að kenna við hvað er átt. Flestir takmarka hugmynd sína um lýðræði við kosningar þar sem meirihlutinn ræður og minnihlutanum finnst hann hafa tapað. Við viljum ganga enn lengra í skólunum og taka á dagskrá hvernig hægt er að ná víðtækri sátt og efla samlyndi,

hugmynd sem flestir eða allir eru sáttir við og hreyknir af. Þess vegna notar kennarinn viðtengingarhátt.

- Hver og einn á sína eigin óskaveröld og við höfum því ólíkar hugmyndir um það hvernig hlutirnir eigi að vera.
- Við getum skynjað sama viðburð á ólíkan hátt.

<b>HVER</b>	⇒ Sá sem ég vil vera.
<b>AF HVERJU</b>	⇒ Lífsgildi: Skóla- og bekkjarsáttmáli
<b>HVAÐ</b>	⇒ Reglur og hlutverk (Mitt hlutverk)
<b>HVERNIG</b>	⇒ T-spjöld, Y-spjöld, Áætlanir

Hægt er að nálgast verkefnið að gera sáttmála á nokkra mismunandi vegu. Ein leiðin er að byrja á að spyrja um reglur og gildi heima og færa sig síðan inn í skólastofuna með hugmyndirnar. Hægt er að ganga út frá skólareglum og færa sig þaðan yfir í lífsgildi sem að baki búa og þaðan yfir í sáttmála kennara og starfsmanna. Sumir hafa góða reynslu af að mynda með börnum samstöðu um leiðarljós með því að velja lífsgildi áður en þau skipta um skólastig, frá leikskóla

## AÐ VIÐHALDA SÁTTMÁLA UM LÍFSGILDI

Að halda lífi í því samkomulagi sem felst í skóla- og bekkjarsáttmálum byggist á að rifja upp lífsgildin og nota þau eins og spegil sálarinnar. Spurningin er hvað þú gerir við það sem þú veist og vilt og trúir að sé mikilvægt. Skólastjóri nokkur kallaði það “tengingu til sigurs”: Ef fólk er ekki að fylgja því sem stendur í sáttmálanum, nota ég spegilinn. Ég segi þá: “Við vorum sammála um að... (lífsgildin okkar), það sem ég sé/heyri er ....., hjálpaðu mér að skilja”.

Kennarar halda lífi í bekkjarsáttmálunum með því að hafa vikulega bekkjarfundi. Þar tala nemendur um það hvernig þeir fylgja sáttmálanum og setja sér vikuleg markmið. Kennarar hjálpa nemendum sínum líka með því að láta sitt eigið gildimat stjórna hegðun sinni og láta ekki truflast af ólátum einhvers. Þegar lögð eru drög að nýjum verkefnum, ferðalög, samkomur eða önnur tilbreyting undirbúin þar sem mikið reynir á sjálfstjórn hvers og eins, taka kennarar mið af bekkjarsáttmálanum við leiðbeiningar sínar, en án þess að í því felist nokkur ógn. Einu sinni heimsótti ég

ferli við að gera bekkjar- og skólasáttmála, er að byrja á gildismati einstaklinganna, færa sig svo yfir á minni hópa sem ná samstöðu og þaðan yfir í allan hópinn, sem þá nær samstöðu um sameiginleg markmið.

### Skólasáttmáli

Jafnvel þó það sé mikilvægt að heilt skólahverfi eða bæjarfélag leiti uppi lífsgildi sín og setji í sáttmála, þarf hver skóli að gera það líka og ná samstöðu um mikilvæg gildi að hafa að leiðarljósi. Verkefnið bls. 17 er ætlað kennurum og starfsfólki. Fyrst er lagt fyrir hópinn að hver og einn finni fjölskyldugildi, sem viðkomandi var alinn upp við eða telur mikilvæg í núverandi fjölskyldu. Síðan á hann að finna hvaða gildi eru mikilvægust í skólanum. Þetta þarf að gerast áður en farið er að vinna með börnunum. Þetta verkefni er líka æskilegt að vinna með foreldrahópum.

### Væntingar í Lincoln barnaskólanum

1. Sýna virðingu
  - a. Fyrir sjálfum/sjálfri þér
  - b. Fyrir öðrum
  - c. Fyrir eigin eigum og annarra
  
2. Sýna ábyrgð
  - a. Mæta á réttum tíma
  - b. Vera undirbúin(n)
  - c. Vinna vel
  - d. Gæta öryggis, sýna varkárni

Okkur finnst mikilvægt að bæði í skólastofunni og skólanum okkar séum við örugg, þar sé gaman, þar sé hreint og þrifalegt og vinsamlegt andrúmsloft. Við eigum að nota spennandi leiðir til að læra. Ef einhver er að útskýra eitthvað á hann að gera það vel og skilmerkilega. Krakkarnir og kennarinn þurfa stundum að fá að vera útaf fyrir sig. Við þurfum að vera kurteis, ábyrg og sýna virðingu. Við eigum að hjálpa hvert öðru og vinna saman. Hver og einn ætti að koma fram við aðra eins og hann vill að aðrir komi fram við hann.

(Undirskriftir allra í bekknum)

## AÐ KOMA Á SÁTTMÁLA UM LÍFSGILDI

Samkomulag í formi sáttmála, er grundvallaratriði fyrir sjálfstjórn einstaklinganna í hópnum. Til þess að færa áhersluna frá ytri reglustjórnun og útdeilingu tilbreytingarlítilla viðurlaga í átt að uppbyggingarstjórn með áætlunum byggðum á gildismati, þarf að breyta spurningunum og spyrja annarra spurninga:

Reglustjórnun	Uppbyggingarstjórnun
1. Hver er reglan?	1. Hvaða gildi eru okkur mikilvæg?
2. Hver eru viðurlögin?	2. Finnst þér þau mikilvæg?
3. Hvað gerðir þú?	3. Ef þér finnst þau mikilvæg, viltu þá lagfæra það sem gerðist?
4. Hvað gerist nú?	4. Ef þú lagfærir það sem gerðist hvað gerir það fyrir þig?

## Þriðji bekkur

Kæru fjölskyldur.

Bekkurinn okkar hefur notað mikinn tíma undanfarna daga til að ræða hvernig við viljum að hlutirnir gangi fyrir sig í bekknum okkar þetta árið. Með því að við viljum halda lífsgildum skólans um að við virðum okkur sjálf, hvert annað, námið okkar og umhverfið, höfum við komist að eftirfarandi niðurstöðu í sáttmála bekkjarins.

Við höfum samþykkt að í bekknum okkar viljum við:

1. Virða og vera góð hvert við annað.
2. Vera örugg með því að fara varlega og vanda okkur og halda höndum og fótum okkar í skefjum.
3. Hlusta hvert á annað.
4. Ganga vel um stofuna okkar og hlutina í henni.
5. Skiptast á og skilja engan útundan.
6. Gera okkar besta.

Það er reiknað með að allir í skólastofunni leggi sig fram um að uppfylla þetta samkomulag. Við munum vinna saman að því að gera skólastofuna okkar að öruggum stað þar sem komið er til móts við þarfir allra. Sameinuð stöndum við sterk!

Virðingarfyllst,  
Nemendur og kennarar í A-15

**(undirskrifað)**

eru ólík sjónarmið talin kostur og opin skoðanaskipti og jafnvel átök um þau eru jákvæð fyrir lokaniðurstöðuna.

Sáttmáli um lífsgildi getur verið samkomulag sem gert er í hvaða hópi sem vera skal, t.d. starfsfólk skóla, kennararáð, bekkjardeild, skóli, skólahverfi, kennarar á ákveðnu stigi eða kennarar í ákveðinni grein. Þannig eru það ekki bara nemendur sem velja sér lífsgildi og setja í sáttmála. Hvaða hópur sem er getur gert það.

Áherslan í sáttmálanum verður á hina sameiginlegu hugmynd sem hópurinn finnur út og skilgreinir sem það mikilvægasta í samskiptum innan hópsins. Hér koma nokkur dæmi:

- Hugmynd okkar um góðan skóla
- Hugmynd okkar um frið í stofunni
- Hugmynd okkar um góða skólastjórn
- Hugmynd um bekkjardeild

## **DÆMI:**

### **Fyrsti bekkur**

#### STOFA 109 BEKKJARSAMNINGUR

Við í stofu 109, viljum gera stofuna að skemmtilegum og öruggum stað fyrir alla.

Við viljum alltaf gera okkar besta

Við viljum hugsa vel um allt og alla.

#### STOFA 110 BEKKJARSAMNINGUR

Við viljum að stofan okkar sé sælustaður þar sem allir eru öruggir.

Við viljum læra og hlæja.

Við viljum vera góðir vinir allra.

Við viljum hjálpast að og gæta hvers annars.

Við viljum sjá vel um alla hlutina.

ykkur í huganum inn í skólann og finnið lífsgildi sem skólastarf byggist á.

7. Fremur en að greiða atkvæði, náði samkomulagi með því að biðja fólk að endurskrifa texta þar til allir eru samþykkið.
8. Tengid lífsgildin við þarfirnar: Ást - Áhrif - Ánægja - Frelsi og Örugg afkoma ef þarf að sætta sjónarmið í hópnum.
9. Ekki flýta sér um of eða setja tímapressu á fólk að ákveða sig. Dreifið ferlinu á 2-3 fundi með tíma á milli svo fólk fái tíma til umhugsunar eða samanburðar við aðra.
10. Notið Y-spjöld eða T-spjöld til að hjálpa upp á skýra hugsun um hvernig gildin birtast í raun. Hvað sjáum við, heyrum og finnum þar sem valin lífsgildi eru höfð í heiðri. Þetta verður auðséð þegar búið er að skrifa á spjöldin.
11. Ef hópur byrjar á að skrifa upp reglur í stað gilda spyrjið þá: "Af hverju höfum við þessa reglu?" Ef við spyrjum "af hverju" fáum við lífsgildin fram í dagsljósið.

## VIRÐING Á KENNARAFUNDUM – T-SPJALD

VIRÐING	
ER	ER EKKI
Birtist / Hljómar svona:	Birtist ekki eða hljómar svona:
Hlustað	Háð
Stuðningur	Augum rúllað
Augnsamband	Þögla meðferðin
Virk þátttaka	Stara í gaupnir sér
Kinka kolli	Framíköll
"Mitt og þitt sjónarmið"	Æpt
"Ég heyri þig segja"	Talað ofan í aðra
Útskýringar	Farið yfir verkefni
"Ég sé þetta öðruvísi"	"Þetta er vitlaust"



## ÁÆTLUN SKÓLANS Í AGAMÁLUM

### Viljayfirlýsing skólans

*Í Sheridan Hills berum við virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu. Sameinuð stöndum við sterkust.*

### Virðing

Við virðum aðra og eigur þeirra.

### Vinnubrögð

Við leggjum okkur fram að gera vel.

### Umhyggja

Við tilheyrum hópnum og erum hvert öðru kær.

### Bekkjarsamkomulag

Kennarinn ræðir við börnin um gildi og mikilvægi þeirra. Nemendur mynda einhug um það hvernig þeir vilja vinna saman í skólanum. Út frá þeim umræðum semja nemendur bekkjarsamkomulag. Hvert samkomulag verður sérstakt en verður væntanlega

## Lífsgildabókin okkar


Einn kennari sem kenndi fjórða og fimmta bekk lét krakkana útbúa lífsgildabók. Þau teiknuðu á gagnstæðar síður hvað þau vildu og vildu ekki og síðurnar urðu meir en tuttugu talsins. Nemendur gátu útskýrt fyrir öðrum myndirnar og rifjað upp umræðurnar sem sköpuðust kringum þær. Þegar nýir nemendur komu í bekkinn fengu tveir nemendur það hlutverk að setjast með þeim og útskýra bekkjarsáttmálann og spyrja hvernig þeim litist á. Stundum sagði nýi nemandinn: “Ég veit ekki hvort ég er sammála þessu.” “Allt í lagi”, sögðu félagarnir, “þú getur hugsað um hvort þetta sé þér mikilvægt”.

Þegar búið er að fullgera bekkjarsáttmála nota kennarar T-spjöld til að skerpa á skilningi nemenda á hugtökunum. Öðru megin kemur listi yfir það hvernig lífsgildin lýsa sér og hinum megin hvernig þau lýsa sér

áttu í mun meiri erfiðleikum með að finna "af hverju", þegar reglan beindist að þeim sjálfum. Þessi æfing varð til þess að kennararnir voru mun varkárari þegar þeir báðu nemendur að fylgja reglum. Þeir fóru líka að tala við nemendur um lífsgildi til að finna leið til að skapa betri venjur og leiðbeiningar.

Eftir þetta náði skólinn sem í voru 1000 nemendur í 5.-7. bekk samkomulagi um lífsgildi. Sérfræðingar í skólanum og annað stuðningslið kom á umræðum í litlum hópum (13 nemendur í hverjum) fyrstu tvær vikur skólaársins. Þeir notuðu Y-spjöld til að afmarka umræðurnar. Nemendur ræddu um hvernig góður skóli ætti að vera og hvernig það lýsti sér. Þeir fundu út hvernig það myndi **birtast**, **hljóma** og **finnast** að skólinn væri góður skóli með því að skrifa hugmyndir sínar á stór Y-spjöld eins og sést á næstu síðu.

Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum (grænt); Virðing fyrir umhverfinu (blátt). Nemendur áttuðu sig á að reglurnar í skólanum voru hliðstæðar reglum heima. Þessir þrjú flokkar mynduðu uppistöðuna í samkomulagi bekkjarins.



veggina í skólastofunni með spjöldunum. Næst fékk hvert barn þrjár sjálflímandi stjórnur í hendur og máttu þau líma þær við þau lífsgildi sem þeim fannst vera mikilvægust. Þannig varð sýnilegt hvaða gildi hópurinn mat mest.

Þessu næst áttu hóparnir að skilgreina, sameina og betrubæta lífsgildi bekkjarins. Sumir hópar töldu bara stjórnurnar, vildu leggja áherslu á magnið en sumir vildu finna út hvaða hugsun lá að baki og gátu dregið saman lík gildi. Þeir voru að hugsa um gæði en ekki bara magn.

### Skólasáttmáli

Við trúum að það sé mikilvægt að:

- Hver og einn sé ábyrgur fyrir eigin orðum og gerðum.
- Hver og einn eigi rétt á viðurkenningu og virðingu.
- Hver og einn eigi rétt á því örugga umhverfi sem hann þarfnast þannig að hann finni til öryggis í skólanum.
- Allan ágreining sé hægt að leysa í samræmi við þessa yfirlýsingu.

Hér kemur annað dæmi um bekkjarsáttmála. Útkoman er svolítið öðruvísi og hvergi verða kennslustundirnar nákvæmlega eins. Hver bekkur skapar sinn eigin sáttmála.

### Við erum því sammála að:

1. Hugsa um öryggi
2. Sýna sjálfum okkur og öðrum virðingu
3. Sýna öllu í kringum okkur virðingu
4. Gera alltaf okkar besta

(UNDIRSKRIFTIR ALLRA)

Yngstu nemendurnir koma venjulega með reglur þegar við spyrjum um gildi. Lítið á þessi dæmi: “Ekki fara inn á skónum”. “Ekki pissa framhjá”. “Ekki hafa hátt þegar litla systir sefur”. “Ekki fikta með eld”. Hefur þú velt því fyrir þér af hverju þetta er svona? Það er vegna þess að okkur fullorðna fólkinu hættir til að leggja áherslu á það sem er bannað í stað þess að tala um það sem á

Í framhaldi af þessum umræðum unnu krakkarnir að því að móta fullkomna hugmynd um hvernig bekkjarbragurinn ætti að vera þetta árið. Síðan skrifaði hver bekkur undir bekkjarsamkomulag. Hér að neðan sést hvaða hugmyndir um frið meðal vina í skólastofunni 2. bekkur skrifaði undir að lokinni þankahríð:

### Friðsemdarbekkur góðra vina

Við erum öll sammála um að:

- Gera okkar besta
- Virða aðra og eigur þeirra
- Vinna saman eins og liðsheid
- Fara varlega

(Undirritað af öllum í bekknum)

Nemendurnir náðu þessu samkomulagi út frá umræðum um frið og ró í skólastofunni. Allir skrifuðu undir sáttmálann. Kennarinn getur rifjað upp þetta samkomulag þegar hann hjálpar nemanda að gera uppbyggingaráætlun. Sáttmálinn hangir uppi í stofunni

og afrit af honum er sent heim til foreldra. Takið eftir hve einfalt en nákvæmt orðalagið er.

### Þankahríð

